

Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) 2. útgáfa

Freydís Jóna Freysteinsdóttir
Barnaverndastofa, 2012

Efnisyfirlit

Skilgreiningar-og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF)	3
HLUTI I. BARN SEM ÞOLANDI.....	5
1. VANRÆKSLA.....	5
1.1. LÍKAMLEG VANRÆKSLA.....	5
1.1.1. Döfnunargeill (Failure to thrive)	5
1.1.2. Fæði ábótavant	5
1.1.3. Klæðnaði ábótavant	6
1.1.4. Hreinlæti ábótavant	6
1.1.5. Húsnæði ábótavant	6
1.1.6. Heilbrigðisþjónustu ábótavant	6
1.2. VANRÆKSLA VARÐANDI UMSJÓN OG EFTIRLIT.....	7
1.2.1. Foreldri fylgist ekki nægilega vel með barni sínu	7
1.2.2. Barn er skilið eftir eitt án þess að hafa aldur og þroska til þess.....	8
1.2.3. Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi	8
1.2.4. Barn er skilið eftir hjá óhæfum einstaklingi.....	8
1.2.5. Barn er skilið eftir hjá óhæfum einstaklingi sem beitir börn ofbeldi	8
1.2.6. Foreldri lýsir yfir vilja til að yfirgefa barn eða yfirgefur barn til frambúðar .	8
1.2.7. Barn verður forsjárlaust vegna fráfalls eða hvarfs foreldris	8
1.2.8. Barn er ekki verndað og jafnvel í hættu vegna annarlegs ástands foreldris.....	8
1.2.9. Barni leyft eða hvatt til að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi	8
1.3. VANRÆKSLA VARÐANDI NÁM.....	9
1.3.1. Mætingu barns í skóla ábótavant án inngrips foreldra.....	9
1.3.2. Barn ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmætra ástæðna	9
1.3.3. Foreldrar sinna ekki ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barnið...	9
1.3.4. Barn skortir ítrekað nauðsynleg áhöld til skólastarfs, t.d. bækur, leikfimisföt eða sundföt	9
1.4. TILFINNINGALEG VANRÆKSLA.....	10
1.4.1. Foreldri vanrækir tilfinningalegar þarfir barns	10
1.4.2. Foreldri örvar hugrænan þroska barns ekki nægilega.....	10
1.4.3. Foreldri vanrækir félagsþroska barns.....	10
1.4.4. Foreldri setur barni ekki eðlileg mörk og beitir það ekki nauðsynlegum aga.....	10
2. OFBELDI	11
2.1. FORELDRI BEITIR BARN TILFINNINGALEGU OFBELDI	11

2.1.1.	Foreldri sýnir viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar til barns.....	11
2.1.2.	Foreldri gerir óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska.....	11
2.1.3.	Barn er notað til að fullnægja tilfinningalegum eða líkamlegum þörfum foreldris.....	11
2.1.5.	Barn verður vitni að ofbeldi innan fjölskyldu	12
2.2.	<i>FORELDRI BEITIR BARN LÍKAMLEGU OFBELDI</i>	12
2.2.1.	Foreldri beitir barn ofbeldi viljandi.	12
2.2.2.	Foreldri beitir barn óbeinu ofbeldi	13
2.2.2.	Foreldri gerir barn að einkennisbera.....	13
2.3.	<i>FORELDRI BEITIR BARN KYNFERÐISLEGU OFBELDI</i>	14
2.3.1.	Samfarir og / eða munnmök.....	14
2.3.2.	Þukl innan klæða á kynfærum	14
2.3.3.	Horft á kynfæri, kynferðislegar athafnir eða klámefni	14
3.	<i>HEILSA EÐA LÍF ÓFÆDDIS BARNIS Í HÆTTU</i>	15
3.1.	Áfengi eða önnur vímuefni í líkama ófædds barns.	15
3.2.	Heilsu ófædds barns er hætta búin vegna vanrækslu móður.....	15
3.3.	Heilsu ófædds barns er hætta búin vegna ofbeldis.....	15
Hluti II.	Áhættuhegðun barna.....	16
4.1.	Grunur um neyslu barns á vímuefnum	16
4.2.	Grunur um að barn stefni eigin heilsu í hættu.....	16
4.3.	Grunur um afbrot barns	16
4.4.	Grunur um að barn beiti annað barn eða fullorðinn aðila ofbeldi.....	16
4.5.	Grunur um erfiðleika barns í skóla, skólasókn áfátt	16
Niðurstaða	könnunar máls eftir að tilkynning hefur borist	17
Heimildir	18

Skilgreiningar-og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF)

2. útgáfa

Freydís Jóna Freysteinsdóttir félagsráðgjafi (MSW, PhD)

Útgefandi: Barnaverndarstofa

Ágúst, 2012.

Misbrestur í uppeldi barna er yfirleitt viðvarandi mynstur, fremur en einstakur atburður, eins og skilgreining Rogosch, Cicchetti, Shields og Toth (1995) gefur til kynna:

Misbrestur í uppeldi barna felur í sér alvarlega truflun í foreldrahlutverki, og jafnframt verulega truflun í tengslum foreldra og barns, sem getur leitt til alvarlegra aðlögunarerfiðleika hjá barni eða afbrigðilegs þroska...misbrestur í uppeldi barna felur í sér samkvæmt skilgreiningu, vítaverða, ófullnægjandi eða niðurbjótandi uppeldishætti (bls. 127).

Eins og sjá má á ofantalinni skilgreiningu á misbresti í uppeldi barna, er um talsvert víða skilgreiningu að ræða. Á Íslandi, eins og á hinum norðurlöndunum, var skilgreining á misbresti í uppeldi barna einmitt talsverð víð og var skipt í tvo meginflokka (Barnaverndarstofa, 2001). Stuttu áður en skilgreiningar-og flokkunarkerfið var unnið hér á landi, var skilgreiningar-og flokkunarkerfið í Svíþjóð yfirfarið en það hafði falið í sér tiltölulega víðar skilgreiningar með skiptingu í þessa sömu tvo meginflokka (Lundén, Broberg og Borres, 2000). Megin flokkarnir á Íslandi voru á þeim tíma eins og nú, annars vegar að barn væri þolandi og hins vegar að barn væri gerandi. Undir flokknum þar sem barn var þolandi voru undirflokkar eftirfarandi: a) vanræksla, b) andlegt ofbeldi, c) líkamlegt ofbeldi, d) kynferðislegt ofbeldi og e) misnóttun foreldra á vímuefnum. Undir flokknum þar sem barn var gerandi voru flokkarnir eftirfarandi: a) neysla barns á vímuefnum, b) barn stefnir eigin þroska og heilsu í hættu, c) afbrot, skemmdarverk eða árásarhneigð, d) erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt og e) barn beitir annað barn ofbeldi (Barnaverndarstofa, 2001). Þrátt fyrir að um tvo meginflokka og nokkra undirflokka hefði verið að ræða undir hvorum flokki fyrir sig, er ljóst að afar mismunandi var á milli sveitarfélaga og jafnvel milli einstakra barnaverndarstarfsmanna hvort og hvernig misbrestur í uppeldi barna var skilgreindur í einstökum tilfellum. Það má sjá af því að hlutfall barnaverndarmála var mismunandi, ekki bara milli landshluta, heldur einnig milli bæjarfélaga í sama landshluta (Barnaverndarstofa, 2001; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003). Mikilvægt þótti af hálfu höfundar kerfisins, að bæta samræmi milli sveitarfélaga í skráningu barnaverndarmála og að tekið væri á málum með svipuðum hætti. Til þess að af því gæti orðið, var nauðsynlegt að þróa nákvæmt skilgreiningar-og flokkunarkerfi sem vinnutæki fyrir barnaverndarstarfsmenn. Brýnt þótti að skerpa á skilgreiningum og flokkun á misbresti í uppeldi barna og auka með því samræmi í skilgreiningum. Taldi höfundur að aukið samræmi í skilgreiningum og flokkun mundi hafa í för með sér að (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003):

- a) misbrestir í uppeldi barna og markmið með íhlutun barnaverndaryfirvalda yrðu skýrari og sýnilegri, bæði fyrir barnaverndarstarfsmenn, foreldra og börn sem hefðu aldur og þroska til að skilja hlutverk barnaverndaryfirvalda

- b) vinnubrögð af hálfu barnaverndarstarfsmanna yrðu skýrari og líklegri til að leiða til betri málsmeðferðar, sem væri sérstaklega mikilvægt þegar mál færu fyrir dómstóla
- c) aukið samræmi yrði meðal sveitarfélaga sem mundi gera samanburð milli sveitarfélaga raunhæfari og auk þess yrðu auknar forsendur til að bera saman fjölda og tegund barnaverndarmála á Íslandi við önnur lönd
- d) með nákvæmari skilgreiningum og flokkun og betra samræmi meðal sveitarfélaga, yrði mun auðveldara að vinna rannsóknir á sviði barnaverndar, auk þess sem rannsóknir á sviði barnaverndar ættu að gefa vísbendingar um hvaða úrræða væri þörf hjá barnaverndaryfirvöldum

Skilgreiningar-og flokkunarkerfið (SOF) var þróað með ofantalin markmið í huga.

Skilgreiningar-og flokkunarkerfið byggist m.a. á bandarískri fyrirmynd en í Bandaríkjunum hafa víða verið þróuð skilgreiningar-og flokkunarkerfi (sjá t.d. Iowa Department og Human Services, 1997 og National Institute of Child Health and Human Development, 2000). Einnig byggir skilgreiningar-og flokkunarkerfið á skilgreiningarvinnu tveggja fræðikvenna; Coohy (t.a.m. 2003) varðandi vanrækslu í umsjón og eftirliti og Glaser (t.a.m. 2002) varðandi tilfinningalegan misbrest í uppeldi. Skilgreiningar-og flokkunarkerfið er þannig þróað með hliðsjón af þróunarvinnu þessara tveggja fræðikvenna og með hliðsjón af nokkrum bandarískum kerfum og sænska kerfinu.

Barnaverndarstofa fól höfundi að vinna skilgreiningar-og flokkunarkerfi sem tilraunaverkefni, til að byrja með. Tilraunin fór fram á árs tímabili, frá 1. janúar árið 2004 til 31. desember sama ár og voru tilraunarsveitarfélögin eftirfarandi: 1) Hafnarfjörður, 2) Kópavogur, 3) Mosfellsbær, 4) Reykjanesbær og 5) Reykjavík. Bakhópur var jafnframt stofnaður sem hittist fjórum sinnum á meðan á tilraunaverkefninu stóð og var þá farið yfir ábendingar sem fram höfðu komið hjá barnaverndarstarfsmönnum sem voru að nota kerfið á viðkomandi stöðum. Í bakhópnum sátu einn aðili frá hverju sveitarfélagi auk fulltrúa Barnaverndarstofu og höfundur kerfisins. Árið 2005 var síðan skilgreiningar-og flokkunarkerfið tekið í notkun af barnaverndarstarfsmönnum á landinu öllu og hefur það verið notað síðan þá, án breytinga. Í þessari útgáfu hafa verið gerðar nokkrar breytingar m.a. hefur flokkurinn: Áhættuhegðun – barn beitir ofbeldi verið útvíkkaður og inniheldur nú tilfinningalegt ofbeldi. Tekin eru dæmi um slíkt ofbeldi í tengslum við niðurstöður rannsóknar Kristnýjar Steingrímsdóttur (2012), en í þeirri rannsókn var mat lagt á flokkun tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur. Skilgreiningar- og flokkunarkerfið (SOF) skiptist í tvo hluta, þ.e. barn sem þolandi og áhættuhegðun barna. Hvor hluti skiptist í flokka og undirflokkar þar sem fjallað er um mismunandi tegundir vanrækslu og ofbeldis gagnvart börnum og mismunandi tegundir áhættuhegðunar barna. Þegar fjallað er um börn og foreldra í SOF kerfinu er miðað við skilgreiningu skv. 1. og 3. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

HLUTI I. BARN SEM ÞOLANDI

1. VANRÆKSLA

Vanræksla gagnvart barni er skilgreind sem skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líkleg til að leiða til skaða á þroska barns. Vanræksla skiptist í eftirfarandi fjóra flokka:

- 1.1. Líkamleg vanræksla
- 1.2. Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit
- 1.3. Vanræksla varðandi nám
- 1.4. Tilfinningaleg/sálræn vanræksla

1.1. LÍKAMLEG VANRÆKSLA

Foreldri hefur brugðist skyldu sinni til að sinna grunnþörfum barns.

1.1.1. Döfnunarfeill (Failure to Thrive)	1.1.2. Fæði ábótavant	1.1.3. Klæðnaði ábótavant
1.1.4. Hreinlæti ábótavant	1.1.5. Húsnæði ábótavant	1.1.6. Heilbrigðisþjónustu ábótavant

1.1.1. Döfnunarfeill (Failure to thrive)

„Döfnunarfeill“ lýsir sér í mjög alvarlegu ástandi á börnum oftast undir árgömlum. Helstu einkenni eru þau að barnið þyngist ekki og lengist á við önnur börn, auk þess sem hreyfiproski þess er langt undir meðaltals hreyfiproska eðlilegra barna (undir fimmta prósentustigi). Í u.þ.b. 10% tilfella er orsök líffræðileg, t.d. alvarlegur nýrna-hjarta-eða heilagalli. Í öllum öðrum tilfellum er um að ræða afleiðingu á alvarlegri truflun í tengslum foreldra og barns sem kemur fram í alvarlegri líkamlegri og tilfinningalegri vanrækslu barnsins.

Staðfesting á döfnunarfeil verður að koma frá lækni.

1.1.2. Fæði ábótavant

Foreldri hefur ekki gefið barni fæði við hæfi eða nægilegt fæði sem nauðsynlegt er miðað við þroska þess, fyrir heilsu barnsins og velferð þess.

Barn missir oft og ítrekað úr máltíðir eða fær oft og endurtekið ekki nægilega mikinn mat. Dæmi eru eftirfarandi:

- Upplýsingar liggja fyrir um að barn fái ekki nægilega mikinn mat, t.d. barn biður nágranna oft og ítrekað um mat

- Barn fær oft og ítrekað ónægan eða óhollan mat miðað við aldur, þroskaskeið og líkamlegt ástand, sem veldur næringarskortu eða mikilli offitu. Staðfesting á næringarskortu eða offitu þarf að koma frá lækni. Miðað er við BMI stuðul 40 hjá börnum (gríðarleg offita). $BMI = \text{Þyngd}/\text{Hæð}^2$ í öðru veldi. T.d. $67/(1,7)^2 = 23,2$
- Barn á unglingsaldri borðar óreglulega þannig að það hefur áhrif á heilsu þess og þroska eða fær ekki nægilega mikinn mat

1.1.3. Klæðnaði ábótavant

Foreldri gætir þess ekki að barnið sé klætt á fullnægjandi hátt miðað við heilsu þess og velferð. Dæmi eru eftirfarandi:

- Fatnaður barnsins of lítill eða of þröngur og veldur barninu óþægindum, t.d. of litlir skór sem meiða fætur barnsins
- Fatnaður barnsins er ekki nógu hlýr miðað við veður og barnið því ekki verndað gegn kulda á fullnægjandi hátt
- Barn á unglingsaldri klæðir sig í ósamræmi við veðurfar eða á þann hátt sem þykir ekki í samræmi við aðstæður án þess að foreldrar leiðbeini unglungum um viðeigandi klæðnað

1.1.4. Hreinlæti ábótavant

Foreldri hefur ekki gætt þess að hreinlæti barns sé fullnægjandi fyrir heilsu þess og velferð. Hreinlæti er alvarlega ábótavant t.d. ef

- Barn er baðað svo sjaldan að það lykti
- Fatnaður barns er mjög óhreinn
- Barn er ekki tannburstað reglulega og tennur barnsins því mjög óhreinar
- Barn á unglingsaldri þrífur sig ekki eða tannburstar sig ekki og fær ekki aðhald foreldra til að gera slíkt

1.1.5. Húsnæði ábótavant

Foreldri hefur ekki séð barni fyrir fullnægjandi húsnæði, sem nauðsynlegt er fyrir heilsu þess og velferð. Birtingarform geta verið:

- Ekkert húsnæði eða athvarf
- Óíbúðarhæft húsnæði
- Óhreinlæti, t.d. uppsafnaðar matarleifar, eða ekki hægt að ganga eðlilega um vegna drasls um alla íbúðina
- Líkamlegt öryggi barna í hættu, t.d. vegna þess að rafmagn er opið eða að það vantar öryggishlið við tröppur
- Skortur á nauðsynlegum nytjahlutum fyrir eðlilegt heimilishald, t.d. rafmagnu eða hita

1.1.6. Heilbrigðisþjónustu ábótavant

Foreldri sinnir ekki þörf barnsins fyrir heilbrigðisþjónustu. Dæmi um þetta er:

- Staðhæfing fagaðila í heilbrigðiskerfinu um að mælt hafi verið með tiltekinni meðferð barns sem foreldri hefur ekki fylgt eftir (nema að annar fagaðili hafi mælt með einhverju öðru sem stangast á við fyrirmæli hins)
- Staðhæfing fagaðila í heilbrigðiskerfinu um að barn hafi haft viðvarandi sjúkdóm eða verið í viðvarandi ástandi sem eðlilegt getur talist að þarfnist meðferðar sem ekki var veitt og ástand barnsins hefur því versnað

Ofantalin atriði eiga einnig við um geðheilbrigðisþjónustu sem barnið þarf á að halda. Dæmi um þetta er:

- Staðhæfing frá fagfólki skóla eða öðru fagfólki sem sýnir að mælt er með mati á andlegri heilsu barns, t.d. greind eða geðrænu ástandi, vegna hegðunar barns, staðhæfinga þess eða útlits sem gefur til kynna frávik sem foreldri hefur ekki sinnt.
- Greining fagaðila innan geðheilbrigðisgeirans á sálrænu ástandi barns og fyrirhæfi um tiltekna meðferð t.d. lyfjagjöf, sem foreldri hefur ekki sinnt.

1.2. VANRÆKSLA VARÐANDI UMSJÓN OG EFTIRLIT.

Foreldri veitir barninu ekki nauðsynlega umsjón og eftirlit og því hefur öryggi barns og velferð verið í hættu. Þetta á við þegar barnið hefur ekki líkamlega, andlega, sálræna, tilfinningalega eða praktíska burði til að vernda sig sjálft í aðstæðunum

<u>1.2.1.</u> <u>Foreldri fylgist ekki nægilega vel með barni sínu</u>	<u>1.2.2.</u> <u>Barn er skilið eftir eitt án þess að hafa aldur og þroska til þess</u>	<u>1.2.3.</u> <u>Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi</u>
<u>1.2.4.</u> <u>Barn er skilið eftir hjá óhæfum einstaklingi (þó ekki einstaklingi sem beitir börn ofbeldi)</u>	<u>1.2.5.</u> <u>Barn er skilið eftir hjá óhæfum einstaklingi sem beitir börn ofbeldi</u>	<u>1.2.6.</u> <u>Foreldri lýsir yfir vilja til að yfirgefa barn eða yfirgefur barn til frambúðar</u>
<u>1.2.7.</u> <u>Barn verður forsjárlaust vegna fráfalls eða hvarfs foreldris</u>	<u>1.2.8.</u> <u>Barn er ekki verndað og jafnvel í hættu vegna annarlegs ástands foreldris s.s. vímuefnaneyslu</u>	<u>1.2.9.</u> <u>Barni leyft eða hvatt til að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi</u>

1.2.1. Foreldri fylgist ekki nægilega vel með barni sínu

Foreldri er til staðar en fylgist ekki nægilega vel með barni sínu þannig að það getur farið sér að voða. Það hefur ekki skynjað yfirvofandi eða mögulega hættu og hefur ekki gert fullnægjandi ráðstafanir til að vernda barn gegn skaða. Dæmi eru eftirfarandi:

- Barn er skilið eftir á skiptiborði án viðverðu foreldra, í sundlaug/heitum potti eða öðrum álíka stað, þar sem lífi barns og heilsu er hætta búin.
- Barn er ekki fest tryggilega í bíl í bílstól eða með öryggisbelti eftir því sem við á eftir aldri barns.
- Barn er skilið eftir í barnavagni fyrir utan heimili, veitingastað eða á öðrum stað og grætur án þess að heyrast í því eða því sinnt.

1.2.2. Barn er skilið eftir eitt án þess að hafa aldur og þroska til þess

Barn er skilið eftir án eftirlits og án þess að hafa aldur og þroska til t.d. á heimili eða í bifreið.

1.2.3. Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi

Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en er ekki sótt á tilsettum eða umsömdum tíma, eða ekki er ákveðið hvenær barnið verði sótt og sá sem passar barnið telur sig hafa passað það óeðlilega lengi. Einnig getur verið um að ræða að barn sé óeðlilega mikið í þösson hjá mismunandi aðilum.

1.2.4. Barn er skilið eftir hjá óhæfum einstaklingi

Barn er skilið eftir hjá óhæfum umönnunaraðila. Dæmi um það er t.d., ef sá sem annast á barnið hefur ekki aldur og þroska til að annast það, er þroskaskertur, í annarlegu ástandi vegna áfengis eða eiturlyfjaneyslu eða haldinn alvarlegum geðsjúkdómi sem gerir hann óhæfan til að annast barn.

1.2.5. Barn er skilið eftir hjá óhæfum einstaklingi sem beitir börn ofbeldi

Foreldri hefur fengið einhvern til að gæta barns sem það veit að hefur eða er sterklega grunaður um að hafa beitt barni líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi (e. failure to protect). Viðkomandi þarf ekki að hafa verið dæmdur fyrir brotið, þar sem erfitt getur verið að sanna sekt og sýknun sannar ekki sakleysi.

1.2.6. Foreldri lýsir yfir vilja til að yfirgefa barn eða yfirgefur barn til frambúðar

Foreldri segist ekki vilja eiga barn sitt eða vilja losna við það, rekur það t.d. út af heimilinu. Foreldri skilur barn sitt eftir án þess að ætla að sækja það (e. abandonment), t.d. úti á víðavangi, á veitingastað eða á almenningssalerni. Foreldri reynir að svipta sig lífi og er eitt um forsjá barnsins.

1.2.7. Barn verður forsjárlaust vegna fráfalls foreldra eða hvarfs foreldris

Barn verður forsjárlaust vegna fráfalls foreldra, vegna sjálfræðissviptingar foreldris eða foreldri er handtekið eða hverfur af öðrum ástæðum, þannig að það getur ekki sinnt umönnun barnsins.

1.2.8. Barn er ekki verndað og jafnvel í hættu vegna annarlegs ástands foreldris

Barn er ekki verndað og hætta búin vegna annarlegs ástands foreldra, sem getur komið fram á margan hátt. Dæmi eru:

- a) Barn er látið verða vitni af annarlegu ástandi foreldris vegna mikillar áfengis- eða vímuefnaneyslu.
- b) Barni er hætta búin þar sem foreldri keyrir með það í bíl undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna.

1.2.9. Barni leyft eða hvatt til að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi

Barni er leyft eða jafnvel hvatt til þess að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi, t.d. innbrotum, þjófnaði, áfengis- og vímuefnaneyslu eða vændi.

1.3. VANRÆKSLA VARÐANDI NÁM

Foreldrar sinna ekki skólagöngu eða námi barn síns eða sjái til þess að barnið sinni því.

<u>1.3.1. Mætingu barns í skóla ábótavant án inngrips foreldra</u>	<u>1.3.2. Barn ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmætra ástæðna</u>
<u>1.3.3. Foreldrar sinna ekki ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barnið</u>	<u>1.3.4. Barn skortir ítrekað nauðsynleg áhöld til skólastarfs, t.d. bækur, leikfimisföt eða sundföt</u>

1.3.1. Mætingu barns í skóla ábótavant án inngrips foreldra

Barn mætir illa í skóla og foreldrar láta það afskiptalaust.

1.3.2. Barn ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmætra ástæðna

Barn er ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmætra ástæðna, t.d. af því það er að passa yngra systkini eða af því foreldri vaknar ekki til að koma barninu á réttum tíma í skólann.

1.3.3. Foreldrar sinna ekki ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barnið

Skóli vísar barni í greiningu vegna gruns um námsörðugleika eða í sértæka þjónustu vegna námsörðugleika sem foreldri sinnir ekki s.s. lesgreining, stærðfræðigreining.

1.3.4. Barn skortir ítrekað nauðsynleg áhöld til skólastarfs, t.d. bækur, leikfimisföt eða sundföt

Barn skortir ítrekað nauðsynleg áhöld til skólastarfs, t.d. bækur, leikfimisföt eða sundföt.

1.4. TILFINNINGALEG VANRÆKSLA

Foreldrar sinna ekki tilfinningalegum þörfum barns, hugrænni og félagslegri örvun eða ögun barns.

<u>1.4.1.</u> <u>Foreldri vanrækir tilfinningalegar þarfir barns</u>	<u>1.4.2.</u> <u>Foreldri örvar hugrænan þroska barns ekki nægilega</u>
<u>1.4.3.</u> <u>Foreldri vanrækir félagsþroska barns</u>	<u>1.4.4.</u> <u>Foreldri setur barni ekki eðlileg mörk og beitir því ekki nauðsynlegum aga</u>

1.4.1. Foreldri vanrækir tilfinningalegar þarfir barns

Foreldri bregst seint og illa við tilfinningalegum þörfum barns síns þegar það þarfnast umönnunar eða stuðnings, t.d. þegar ungabarn grætur eða þegar barn þarfnast stuðnings foreldris vegna utanaðkomandi áfalls. Greinilegur skortur er á eðlilegri tengslamyndun foreldris og barns.

1.4.2. Foreldri örvar hugrænan þroska barns ekki nægilega

Foreldri örvar ekki hugrænan þroska barns. Foreldri sniðgengur tækifæri til að kenna barni og örva hugrænan þroska þess, lætur jafnvel eins og það heyrir hvorki í barninu né sjái það. Sjálfstæði barns fær litla örvun og barnið því svo ofverndað að það hefur áhrif á þroska þess.

1.4.3. Foreldri vanrækir félagsþroska barns

Foreldri örvar ekki félagslegan þroska barns heldur stuðlar að félagslegri einangrun fjölskyldunnar eða truflar ítrekað tilraunir barns til að vingast við jafnaldra.

1.4.4. Foreldri setur barni ekki eðlileg mörk og beitir það ekki nauðsynlegum aga

Foreldri setur barni ekki eðlileg mörk og beitir því ekki aga. Þetta leiðir til þess að barnið sýnir mikinn hegðunarvanda, gengur illa í skóla og á í félagslegum erfiðleikum.

2. OFBELDI

Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris, forsjáraðila eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns. Ofbeldi skiptist í eftirfarandi þrjá flokka:

2.1. Foreldri beitir barn tilfinningalegu ofbeldi

2.2. Foreldri beitir barn líkamlegu ofbeldi

2.3. Foreldri beitir barn kynferðislegu ofbeldi

2.1. FORELDRI BEITIR BARN TILFINNINGALEGU OFBELDI

Foreldri gerir lítið úr barni, gerir óraunhæfar kröfur til barns, fær barn til að sinna sínum þörfum eða lætur það verða vitni að ofbeldi.

<u>2.1.1.</u> <u>Foreldri sýnir</u> <u>viðvarandi</u> <u>neikvætt viðhorf</u> <u>og neikvæðar</u> <u>tilfinningar til</u> <u>barns.</u>	<u>2.1.2.</u> <u>Foreldri gerir</u> <u>óraunhæfar</u> <u>kröfur til barns</u> <u>miðað við aldur</u> <u>þess og þroska</u>	<u>2.1.3.</u> <u>Barn verður vitni</u> <u>að ofbeldi innan</u> <u>fjölskyldu</u>
---	---	---

2.1.1. Foreldri sýnir viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar til barns.

Foreldri leggur það í vana sinn eða beitir því í refsingarskyni að koma fram við barn á ómanneskjulegan eða niðurlægjandi hátt. Dæmi um slíkt eru eftirfarandi:

- Foreldri er sífellt að setja út á eiginleika barns, svo sem útlit þess eða skap
- Foreldri er sífellt að setja út á það sem barnið gerir, t.d. heimalærdóm og heimilisstörf
- Foreldri notar neikvætt hlaðin orð við barnið sitt, t.d. fífl, asni, hálfviti, o.s.frv.
- Foreldri sendir barni rafræn skilaboð, t.d. í formi SMS skilaboða, þar sem andlegu ofbeldi eða kynferðislegu áreitni er beitt
- Foreldri neitar barni um mat, svefn eða aðrar nauðsynjar í refsingarskyni

2.1.2. Foreldri gerir óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska

Foreldri gerir of miklar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska. Dæmi um slíkt eru eftirfarandi:

Foreldri ætlast til þess að barn klæði sig sjálft áður en eðlilegt getur talist að barn klæði sig sjálft hjálparlaust.

Barn er notað til að fullnægja tilfinningalegum eða líkamlegum þörfum foreldris, t.d. styðja foreldri sem glímir við erfiðleika, fylgjast með fjármálum heimilisins og

sjá um megnið af heimilisstörfum. Í slíkum tilvikum er um hlutverkasnúning að ræða (role reversal).

Foreldri virðir ekki barn sitt sem sjálfstæðan einstakling, heldur fremur sem framlengingu á sjálfum sér eða notar barnið sér til framdráttar.

Foreldri tekur ekki tillit til þarfa barnsins sem sjálfstæðs einstaklings, heldur gerir ráð fyrir að barnið sé með sömu þarfir og langanir og foreldrið.

2.1.3. Barn verður vitni að ofbeldi innan fjölskyldu

Barn verður vitni að ofbeldi milli annarra, t.d. líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi milli foreldra, foreldra gagnvart systkini, milli systkina barnsins eða barni/unglingi gagnvart foreldri.

2.2. FORELDRI BEITIR BARN LÍKAMLEGU OFBELDI

Líkamlegt ofbeldi á sér stað þegar barn er meitt viljandi á einhvern hátt eða þegar ofbeldi er beitt á óbeinan hátt.

<u>2.2.1.</u> <u>Foreldri beitir barn ofbeldi viljandi</u>	<u>2.2.2.</u> <u>Foreldri beitir barn óbeinu ofbeldi</u>	<u>2.3.</u> <u>Foreldri gerir barn að einkennisbera (Munchausen syndrome by proxy)</u>
---	---	---

2.2.1. Foreldri beitir barn ofbeldi viljandi.

Líkamlegt ofbeldi á sér stað þegar barn er meitt viljandi. Í þessum tilvikum er mikilvægt að athuga samræmi frásagnar barnsins og foreldris um hvernig meiðslin atvikuðust, ef um meiðsli er að ræða.

Dæmi um líkamlegt ofbeldi getur verið:

- Slá barn með flötum lófa
- Kýla barn með hnefa
- Sparka í barn
- Henda hlut í barn.
- Brenna barn t.d. með því að setja hönd eða fót í sjóðandi vatn, eða setja logandi sígarettu á húð þess
- Binda barn niður svo það getur ekki losað sig
- Hrista ungabarn eða slá því utan í vegg

Dæmi um sýnilega áverka sem barn getur hlotið vegna ofbeldis eru t.d.

- Hrufl/skráma
- Marblettir
- Blaðra vegna bruna
- Augnáverkar, t.d. aðskilin sjónhimna
- Roði
- Sár
- Upphleypt svæði á húð eða rák t.d. eftir barsmíð eða belti
- Ör eftir áverka

Dæmi um áverka sem geta mögulega ekki verið sýnilegir en sem fagaðili í heilbrigðiskerfi hefur greint hjá barni (listinn er ekki tæmandi):

- Heilaskemmdir,
- Skemmdir á líffærum vegna vísvitandi eitrunar
- Aflögun Augnáverkar
- Vísbendingar um tilraun til kæfingar
- Sprunga í beini
- Innri kviðarhols- eða brjósthols meiðsli
- Annar miðtaugakerfisskaði
- Rifin hljóðhimna
- Einkennamynstur barns sem hefur verið hrist eða skellt utan í eitthvað (Shaken baby syndrome)
- Tognun á ökkla
- Viðvarandi blæðing eða blóðkúla

2.2.2. Foreldri beitir barn óbeinu ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi getur einnig komið fram án þess að foreldri beiti ofbeldi með beinum hætti.

Dæmi um slíkt er eftirfarandi:

- Barni hefur verið byrjað eitur
- Barni gefið hættulegt lyf án læknisráðs
- Barni gefinn skemmdur matur eða látið borða eigin saur eða annað sem ætla má að geti skaðað barnið eða verið því hættulegt

2.2.3. Foreldri gerir barn að einkennisbera

Foreldri fer með barn til nokkurra/margra lækna til þess að fá fyrir það lyf eða lækniáðgerðir án raunverulegra veikinda eða vegna veikinda sem eru tilkomin vegna einhvers sem foreldri hefur gert (Munchausen syndrome by proxy).

Þegar grunur er um áverka af þessu tagi er nauðsynlegt að fara með barnið til læknis og fá nákvæma lýsingu frá fagaðila í heilbrigðiskerfi á meiðslum og faglegt álit hans á orsökum einkennana.

2.3. FORELDRI BEITIR BARN KYNFERÐISLEGU OFBELDI

Foreldri beitir barn kynferðislegu ofbeldi ef það fær barn til að sinna sínum kynferðislegu þörfum eða annarra eða misbýður barni með kynferðislegum athugasemdum eða athöfnum.

Kynferðislegt ofbeldi gagnvart barni felur í sér:

- Kynferðislega athöfn gagnvart barni eða með barni innan 15 ára aldurs með eða án vilja barnsins.
- Kynferðislega athöfn gagnvart eða með barni 15 ára eða eldra án vilja barnsins.

Hér er flokkað eftir alvarleika og er flokkuninni skipt í þrjá flokka. Undir hverjum flokki eru tekin dæmi (listinn er ekki tæmandi):

<u>2.3.1. Samfarir og /eða munnmök</u>	<u>2.3.2. Þukl innan klæða á kynfærum</u>	<u>2.3.3. Horft á kynfæri, kynferðislegar athafnir eða klámefni.</u>
--	---	--

2.3.1. Samfarir og / eða munnmök

- Munnmök forsjáraðila við barn eða munnmök barns við forsjáraðila
- Samfarir forsjáraðila og barns (í leggöng eða endaparm)

2.3.2. Þukl innan klæða á kynfærum

- Þukl innan klæða á kynfærum og svæðum nálægt kynfærum barns, t.d. brjóstum, maga, rassi og lærum
- Barn fengið til að þukla eða káfa innan klæða á einhverjum fullorðnum t.d. á kynfærum, svæðum nálægt kynfærum, s.s. brjóstum, maga, rassi og lærum

2.3.3. Horft á kynfæri, kynferðislegar athafnir eða klámefni

- Barni sýnd kynfæri í þeim tilgangi að örva sig kynferðislega
- Barn er látið horfa á kynferðislegar athafnir
- Horft er á kynfæri barns eða á barn þegar það er fáklætt, t.d. þegar barn fer á salerni, í bað eða er í rúmi sínu, eða fær barnið til að fækka klæðum í þeim tilgangi að örva sig eða barnið kynferðislega
- Þukl og káf utan klæða á kynfærum og svæðum nálægt kynfærum þess, t.d. brjóstum, maga, rassi og lærum
- Barn fengið til að þukla eða káfa á fullorðnum einstaklingi utan klæða, á kynfærum og svæðum nálægt kynfærum, t.d. brjóstum, maga, rassi og lærum
- Teknar eru myndir af barni í þeim tilgangi að örva aðra kynferðislega
- Klámefni sem er vísitandi haft í návist barns eða sýnt barni, t.d. klámblöð, myndbönd sem innihalda klám eða klámefni á vefnum
- Klúrir brandarar sagðir í návist barns
- Barni send klúr SMS skilaboð

3. HEILSA EÐA LÍF ÓFÆDDES BARNIS Í HÆTTU

Foreldri setur ófætt barn í hættu með athæfi sínu.

<u>3.1.</u> <u>Áfengi eða önnur</u> <u>vímuefni í líkama</u> <u>ófædds barns</u>	<u>3.2.</u> <u>Heilsu ófædds barns</u> <u>hætta búin vegna</u> <u>vanrækslu móður</u>	<u>3.3.</u> <u>Heilsu ófædds barns</u> <u>hætta búin vegna</u> <u>ofbeldis</u>
---	--	---

3.1. Áfengi eða önnur vímuefni í líkama ófædds barns.

Móðir sem gengur með barn hefur neytt áfengis eða annarra vímuefna sem finnast hjá móður á meðgöngu eða barn ber einkenni við fæðingu (t.d. e. fetal alcohol syndrome). Dæmi um vímuefni eru: áfengi, kokaín, heróín, amfetamín, E-töflur, kannabis s.s. hass, hassolía og marjúana/gras (efni sem innihalda THC) og samsett eða blönduð ólögleg lyf.

3.2. Heilsu ófædds barns er hætta búin vegna vanrækslu móður

Heilsa og líf ófædds barns getur verið í hættu vegna þess að móðir sinnir ekki eftirliti á meðgöngu.

Móðir sinnir því ekki að næra sig og um leið barn sitt. Staðfesting á næringarskortum þarf að koma frá lækni. Oft á tíðum er um næringarskort að ræða ef móðir er í vímuefnaneyslu.

3.3. Heilsu ófædds barns er hætta búin vegna ofbeldis

Fóstri í móðurkviði er hætta búin vegna ofbeldis sem móðir verður fyrir á meðgöngu af hálfu maka. Móðir slítur ekki sambandi við ofbeldisfullan maka, þrátt fyrir að heilsu og þroska þess sé hætta búin vegna endurtekinna barsmíða af hálfu makans gagnvart verðandi móður.

Hluti II. Áhættuhegðun barna.

Áhættuhegðun unglings er skilgreind sem athöfn eða skortur á athöfn barns sem veldur barninu sjálfu eða öðrum skaða eða er líkleg til að valda því eða öðrum skaða. Í áhættu felst að auknar líkur séu á óæskilegri þróun þegar um áhættuhegðun unglinga er að ræða.

<u>4.1. Grunur um neyslu barns á vímuefnum</u>	<u>4.2. Grunur um að barn stefni eigin heilsu í hættu</u>	<u>4.3 Grunur um afbrot barns</u>
<u>4.4 Grunur um að barn beiti annað barn eða fullorðinn aðila ofbeldi</u>	<u>4.5 Grunur um erfiðleika barns í skóla, skólasókn áfátt</u>	

4.1. Grunur um neyslu barns á vímuefnum

Dæmi um vímuefni önnur en áfengi eru sniff af lími, e-pillur, kókaín, LSD, amfetamín, maríjúana/gras, hass, heróín. Einnig getur verið um að ræða lyf úr apóteki sem tekin eru inn í of stórum skömmtum með því markmiði að komast í vímu, t.d. sjóveikistöflur, magnlytöflur, rítalín og þunglyndislyf.

4.2. Grunur um að barn stefni eigin heilsu í hættu

Barn sýnir tilburði til að skaða sjálft sig, t.d. með því að veita sjálfu sér áverka, reyna að svipta sig lífi, vera á vergangi eða í stroki, eða með alvarlega átröskun.

4.3. Grunur um afbrot barns

Barn virðir ekki útvistartíma þrátt fyrir viðleitni foreldra. Barn tekur þátt í eða fremur glæpi, s.s. innbrot, umferðalagabrot, skemmdarverk og þjófnað.

4.4. Grunur um að barn beiti annað barn eða fullorðinn aðila ofbeldi

Sjá skilgreiningar og dæmi undir „Líkamlegt ofbeldi“, „Kynferðislegt ofbeldi“ og „Tilfinningalegt ofbeldi“. Einungis mjög alvarleg tilfelli falla hér þó undir tilfinningalegt ofbeldi, s.s. ógnanir með áhöldum, t.d. hnífi, líflátshótanir og þess háttar.

4.5. Grunur um erfiðleika barns í skóla, skólasókn áfátt

Barn mætir illa í skóla, sinnir illa heimalærdómi eða mætir ekki með áhöld sem nauðsynleg eru í skóla, þrátt fyrir að foreldri reyni eftir bestu getu að stuðla að því að barnið sinni námi sínu á eðlilegan hátt.

Niðurstaða könnunar máls eftir að tilkynning hefur borist

Mikilvægt er að könnun sé unnin eins vel og unnt er til þess að niðurstaðan verði sem skýrust, hvort um er að ræða misfellur eða áhættuhegðun barns eða ekki, og hvort þá hvers konar aðgerða er þörf í viðkomandi máli. Taka skal saman greinargerð um framkvæmd könnunarinnar og niðurstöður þar sem m.a. kemur fram hvaða úrbætur eru nauðsynlegar og settar fram tillögur að heppilegum úrræðum ef því er að skipta sbr. 21. Gr. Reglugerðar nr. 57/2004 um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd. Í þeim tilvikum sem þörf er á sérstökum úrræðum skal unnið að því að gera áætlun í samvinnu við foreldra og/eða barn. Í þeim tilvikum sem samvinna næst ekki skal gera einhliða áætlun.

1. **Staðfest. Ekki þörf á frekari aðgerðum.** Könnun leiðir í ljós að um misfellur í aðbúnaði barns, eða áhættuhegðun, hefur verið að ræða, en ekki er þörf á frekari aðgerðum í málinu.
2. **Staðfest. Þörf á áætlun ásamt stuðningsúrræðum.** Könnun leiðir í ljós að um er að ræða misfellur í aðbúnaði barns eða áhættuhegðun og þörf er á stuðningsúrræðum með viðeigandi áætlun í máli barns, þar sem samvinna er við forsjáraðila.
3. **Staðfest. Þörf á áætlun ásamt einhliða áætlun um þvingunarúrræði.** Könnun leiðir í ljós að um er að ræða misfellur í aðbúnaði barns eða áhættuhegðun og þörf er á úrræðum með viðeigandi áætlun í málinu, þar sem ekki hefur náðst samvinna við foreldra og/eða barn sem náð hefur 15 ára aldri.
4. **Ekki staðfest, vafi. Máli lokað.** Um misfellur í aðbúnaði barns eða áhættuhegðun gæti verið að ræða, en könnun leiðir hvorki í ljós að svo sé með óyggjandi hætti, né að svo sé ekki. Ekki taldar forsendur fyrir áætlun ásamt stuðningsúrræðum og máli er lokað.
5. **Ekki staðfest. Máli lokað.** Könnun leiðir í ljós að ekki er um misfellur í aðbúnaði barns eða áhættuhegðun barns að ræða. Máli er lokað.

Heimildir:

- Barnaverndarlög* nr. 80/2002.
- Barnaverndarstofa. (2001). *Ársskýrsla 2000*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Coohey, C. (2003). Defining and classifying supervisory neglect. *Child Maltreatment*, 8 (2), 145-156.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í F.H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV, félagsvísindadeild* (bls. 181-189). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.
- Glaser, D. (2002). Emotional abuse and neglect (psychological maltreatment): A conceptual framework. *Child Abuse & Neglect*, 26, 697-714.
- Iowa Department of Human Services. (1997). *Child protective handbook*. Des Moines: Iowa Department of Human Services.
- Knutson, J.F. (1995). Psychological characteristics of maltreated children: Putative risk factors and consequences. *Annual Review of Psychology*, 46, 401-431.
- Kristný Steingrímisdóttir. (2012). *Skilgreiningar-og flokkunarkerfi í barnavernd: Mat á flokkun tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur*. Reykjavík: Háskóli Íslands (óbirt MA ritgerð).
- Lundén, K., Broberg, A. Og Borres, M. (2000). *Hur tokar BVC-sjukskóterskor och barnomsorgspersonal anmälningsskyldigheten enligt og 71 Socialhänslagen?* Gautaborg: Psykologiska institutionen Göteborgs Universitet.
- National Institute of Child Health and Human Development. (2009). *Critical issues and future directions in the development of classification and definition systems for child abuse and neglect*. Bethesda, MD: National Institute of Child Health and Human Development.
- Rogosch, F.A., Cicchetti, D., Shields, A og Toth, S.L. (1995). Parenting dysfunction in child maltreatment. Í M.H. Bornstein (ritstjóri), *Handbook of parenting: Vol. 4. Applied and practical parenting*. New Jersey: EA.
- Svavar Sigmundsson (ritstjóri). (1988). *Íslensk samheitaorðabók*. Reykjavík: Oddi.